



# HÚNAÞING VESTRA - Aðalskipulag 2002-2014

## Breyting á aðalskipulagi að Laugarbakka



Staðfest aðalskipulag frá 9. júlí 2002, mkv. 10.000.



Tillaga að breyttu aðalskipulagi, mkv. 10.000.

### GREINARGERÐ

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar legu tengivegar (Miðfjarðarvegur) við Laugarbakka að Hringvegnum og breyttrar landnotkunar á aðliggjandi svæðum.

Í gildandi aðalskipulagi er sýnd færsla frá núverandi legu og er markmið þess að auka umferðarþryggi og bæta gatnamót við hringveginn sem í dag eru hættuleg. Núverandi tengibraut verður aflögð.

Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram er legu vegarins færð frá gildandi aðalskipulagi á 0,5 km löngum kafla. Kostur við þá færslu er að verslunar- og þjónustusvæði verða öll austan fyrir tengibrautina.

Landnotkun á reit A-1 er nú skilgreind sem blönduð landnotkun; verslunar- og þjónustusvæði og athafnasvæði. Frá gildistöku aðalskipulagsins hefur á reitnum verið komið upp menningartengdri ferðaþjónustu byggðri á Grettissögu. Þar verður menningar og fræðslustofnun og fjölskyldu- og skemmtigarður. Tillagan gerir ráð fyrir að reiturinn stækkist að helgunarsvæði tengibrautarinnar og verði skilgreindur sem blönduð landnotkun; verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota (V2-Ú5) og er stærð reitsins um 2 ha.

Vegna færslu vegarins frá Miðfjarðará verður hins vegar fellt úr gildi verslunar- og þjónustusvæði (reitir V2) vestan tengibrautarinnar. Af sömu orsökum er reitur A2 umhverfis tengihús Símans minnkaður í 670 m<sup>2</sup>.

### Byggð

- Íbúðarsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Ár og vötn

### Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir einvörðungu til skýringar
- Mörk skipulagssvæðis (þéttbýlis)

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings Vestra þann \_\_\_\_\_ 2007.

\_\_\_\_\_, sveitarstjóri.

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_ 2007.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_ 2007.

Áhrif skipulagsbreytingarinnar á umhverfi og samfélag.

Í vegastæðinu er gamalt tún sem ekki hefur verið nýtt eftir að búskapur lagðist af á jörðinni Saorum.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir færslu hringvegarins en með þessari breytingartillögu hliðrast hann um 5-25 m til vesturs. Norður hluti vegarins verður í 100 m fjarlægð frá Miðfjarðará en suðurhlutinn í rúmlega 50 m fjarlægð.

Þá hefur verslunar- og þjónustusvæði sem var í 30 m fjarlægð frá Miðfjarðará verið fellt út.

Breytingu á aðalskipulaginu hefur því óveruleg áhrif á umhverfið Færsla tengivegarins með nýrri tengingu við hringveginn mun bæta umferðarþryggi og hefur því jákvæð áhrif á samfélagið.

Lagfært 12.04.07 í samræmi við bréf Skipulagsstofnunar dags 28.03.07

Dags: 27.02.07 Mkv: 1:10.000 Telkn: mó Verknr. SA02  
Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt FÍLA



LANDMÖTUN

HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - Sími: 554 5300 - NETFANG: landmotun@landmotun.is